



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Vonarstræti 4, 150 Reykjavík, Kt. 571189-1519, Sími 560 9600, Grænt nr. 800 6960, Bréfsími 562 4566

Alþingi

Umhverfisnefnd Alþingis
Áslaug Árnadóttir, nefndarritari
Þórshamri
150 REYKAJVÍK

Erindi nr. *Þ 1201918*
komudagur *413 1996*

Tilvísun
96010101
0012

Dagsetning
28.2.1996

IS/si

Í tengslum við tillögu til þingsályktunar sbr. 179. mál, nr. 223, um Geysissvæðið í Haukadal, sem er til meðferðar hjá nefndinni vekur ráðuneytið athygli á að aðalskipulag fyrir Geysissvæðið var staðfest 29. apríl 1994. Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að gert sé ráð fyrir því að allt land milli Laugár og Tungufljóts, þ.e.a.s. Almenningar og hverasvæðið að skógræktargirðingunni við Haukadal verði gert að friðlandi.

Þar sem í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um Geysissvæðið er ekki vikið að gildandi aðalskipulagi fyrir svæðið telur ráðuneytið að höfðu samráði við Skipulag ríkisins rétt að vekja athygli á því, og að eigi að grípa til einhverra ráðstafana á Geysissvæðinu, sé nauðsynlegt að skoða þau gögn sem fyrir eru og þá stefnu sem mörkuð hefur verið í aðalskipulagi.

Ofangreindu er hér með komið á framfæri.

F. h. r.

Afrit: Skipulag ríkisins.
Stefán Örn Stefánsson, arkitekt, Skólavörðustíg 28, 101 R.